

Nr. 107

20. janúar 2015

AUGLÝSING um breytingu deiliskipulags 1. áfanga iðnaðarsvæðis á Bakka, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 15. desember 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að breytingu 1. áfanga deiliskipulags á Bakka. Breytingin felst helst í að vegtengingar við þjóðveg nr. 85 hnikast um allt að 39 m til norðurs og hnikast skipulagsmörk að sama skapi, lóðarmörk lóða B1-B6 breytast óverulega, felld er niður vegtenging vestur af fyrirhuguðu spennivirki Landsnets og loks er gert ráð fyrir að tímabundið megi nýta lóðir B1-B4 undir vinnubúðir út fyrir byggingarreiti meðan á framkvæmdum stendur. Áhrif breytingar skipulagsins á umhverfi eru taldar óverulegar. Skipulagsbreytingar ásamt greinargerð eru settar fram á einum uppdrætti á blaðstærð A1.

Að tillögu skipulags- og byggingarnefndar mat bæjarstjórn að skipulagsbreytingin væri óveruleg og því farið með breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 20. janúar 2015.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2015